

Fimmtudaginn 17. maí 1990.

Nr. 111/1988. **Protabú Þorsteins Más Aðalsteinssonar**

(Reinhold Kristjánsson hdl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Guðmundur Pétursson hdl.)

og gagnsök.

Vátryggingarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Þór Vilhjálmsson, Sigurður Líndal prófessor og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Þorsteinn Már Aðalsteinsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. mars s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krafðist þess aðallega, að gagnáfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 5.056.009,71 krónur með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 12. maí 1987, en vöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krafðist áfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi yrði dæmdur til að greiða 3.745.008,50 krónur ásamt sömu vöxtum og krafist var í aðalkröfu. Þá krafðist hann þess, að áfallnir vextir legðust við höfuðstól stefnukröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. maí 1987. Loks krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samvinnutryggingar g.t. skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1988. Félagið krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krafðist það þess, að stefnufjárhæð yrði stórlega lækkuð og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn þess efnis, að bú Þorsteins Más Aðalsteinssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Dalvíkur 24. maí 1989, og hefur þrotabú hans tekið við rekstri málsins. Þá hefur Vátryggingafélag Íslands hf.

yfirtekið váttryggingastofn Samvinnutrygginga g.t. að undanskildum brunatryggingum fasteigna, og hefur Váttryggingafélag Íslands hf. því tekið við aðild Samvinnutrygginga g.t. að málinu. Hefur heiti málsins verið breytt í samræmi við framanritað.

I.

Eftir að mál þetta var fyrst flutt fyrir Hæstarétti hinn 6. október 1989, var aðilum gefinn kostur á að afla mats dómkvaddra matsmanna um tjón aðaláfrýjanda. Samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda voru dómkvaddir tveir matsmenn „til þess að meta fjártjón er varð vegna hvolpadauða á loðdýrabúinu að Böggvisstöðum, Dalvík, frá síðari hluta aprílmánaðar til loka nóvember árið 1985“. Var þess óskað, að matsmennirnir létu í té rökstutt álit um það, hverjar væru hæfilegar bætur fyrir hvern minkahvolp og hvern yrðling og hverjar væru hæfilegar heildarfébætur vegna þeirra dýra, sem drápuust. Matsmenn skiluðu matsgerð sinni 17. janúar sl. Þar er tekið fram, að það hafi komið skýrt fram í viðræðum við lögmenn aðila, „að einungis væri um að ræða mat á bótum fyrir hvolpana en ekki að gerð yrði tilraun til að meta tapaðan hvolpafjölda“. Matsmenn segja, að samkvæmt gögnum málsins hafi meðalverð búsins fyrir hvern minkahvolp verið 187 danskar krónur. Síðan segir í matsgerðinni: „Mat okkar er að rétt sé að meta hvern dauðan hvolp á d. kr. 196 að frádregnum þeim breytilega kostnaði sem sparast vegna þess að ekki þarf að fódra hvolpana og ekki þarf að verka af þeim skinnin. — Rökin fyrir hærra skinnaverði eru þau að hlutfallslega fleiri dýr eru sett á vegna stækkunar búsins en eðlilegt telst á búi í jöfnum rekstri. Ásetningsdýrin eru að jafnaði verðmeiri en dýrin sem fargað er og eins eru hlutfallslega fleiri eftirpelsuð skinn af fullorðnum dýrum en ef ekki hefði verið um stækkun að ræða og ef allir þeir hvolpar sem töpuðust hefðu komið á uppboð. — Sá breytilegi kostnaður sem frá dregst er helmingur af kostnaði við skinnaverkun og helmingur fóðurkostnaðar á hvern hvolp frá fráfarum til feldunar. Ekki verður annað ráðið af gögnum sem fram eru lögð en að hvolpadauðinn hafi dreifst yfir allan vaxtartíma hvolpanna. Sá kostnaður sem frá dregst er að okkar mati hæfilegur d. kr. 37. — Samkvæmt framansögðu eru bætur fyrir hvern minkahvolp metnar d. kr. 159.“

Þá segja matsmenn, að fram komi af gögnum málsins, að meðal-

verð búsins fyrir hvert refaskinn hafi verið 270 danskar krónur. Um refaskinn segir svo í matsgerðinni: „Mat okkar er að rétt sé að meta hvern dauðan refayrðling á d. kr. 285 að frádregnum þeim breytilega kostnaði sem sparast af því að ekki þarf að fódra yrðlingana né verka af þeim skinnin. — Á sama hátt og rakið er hér að framan varðandi mat á minkahvolpunum var verið að stækka refabúið á þessu ári og því gilda sömu rök um mat á refayrðlingunum og rakin eru varðandi minkahvolpana. — Sá breytilegi kostnaður sem frá dregst er helmingur af kostnaði við skinnaverkun og allur fódurkostnaður frá fráfarum til feldunar. Fram kemur af fylgiskjali nr. 4 að refayrðlingarnir virðast hafa drepist á tímabilinu frá goti til fráfarana. Sá kostnaður sem frá dregst er að okkar mati hæfilegur d. kr. 136 og eru því hæfilegar bætur fyrir hvern refayrðling d. kr. 149 Í samræmi við ofangreindar bætur fyrir hvern minkahvolp og refayrðling er heildartjónið metið eftirfarandi:

Minkahvolpar:	1959 á d. kr. 159	= 311.481
Refayrðlingar:	1527 á d. kr. 149	= 227.523.“

Þegar málið var flutt að nýju fyrir Hæstarétti 15. maí sl., breytti aðaláfrýjandi dómkröfu sinni til samræmis við framangreinda matsgerð. Krefst hann þess nú, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.577.084,58 krónur með vöxtum og málskostnaði, eins og fyrr greinir. Miðað er við sölugengi danskrar krónu hinn 30. maí 1986, 4,874 krónur, að frádreginni 50.000 króna sjálfsáhættu.

Kröfugerð gagnáfrýjanda er óbreytt.

II.

Fallist er á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að aðaláfrýjandi hafi gert það, sem búast mátti við af honum, til að koma í veg fyrir tjón. Þegar bera fór á óeðlilegum hvolpadauða vorið 1985, hafði hann samband við dýralækni og Tilraunastöð háskólans í meinafræði og sendi fyrst sýni úr dýrunum til rannsóknar hinn 20. maí 1985. Þá hafði hann samband við fulltrúa Samvinnutrygginga g.t. á Akureyri, án þess að það leiddi til viðbragða af hálfu félagsins fyrr en síðar. Einnig er á það fallist með héraðsdómi, að Fóðurstöðin á Dalvík beri sjálfstæða ábyrgð á fódurframleiðslunni. Samkvæmt gögnum málsins hafði aðaláfrýjandi engin áhrif á efnasamsetningu fódursins, og skiptir ekki máli, þótt hann hafi setið í stjórn fyrirtækisins. Samkvæmt framansögðu

er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjanda sé skylt að bæta aðaláfrýjanda tjón hans.

III.

Byggja verður á því í málinu, að 1959 minkahvolpar og 1527 yrðlingar hafi drepist árið 1985 á búi aðaláfrýjanda, og er gerð krafa um bætur samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna. Eins og að framan greinir, hafa matsmenn ekki tekið tillit til eðlilegra affalla við mat sitt. Ekki liggja fyrir í málinu gögn um eðlilega afföll á loðdýrabúum árið 1985. Hins vegar liggja fyrir gögn frá Búnaðarfélagi Íslands um meðalafföll loðdýrabúa árið 1988. Samkvæmt þeim gögnum voru meðalafföll yrðlinga um 20% og minkahvolpa um 10%. Rétt þykir að nota þá viðmiðun við úrlausn þessa máls. Samkvæmt því er útreikningur á tjóni aðaláfrýjanda eftirfarandi:

Minkahvolpar:	1763 á d. kr. 159 = 280.317 = 1.366.265 kr.
Yrðlingar:	1222 á d. kr. 149 = 182.078 = 887.448 —
	2.253.713 kr.
	Eigin áhætta 50.000 —
	2.203.713 kr.

Ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 500.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði aðaláfrýjanda, þrotabúi Þorsteins Más Aðalsteinssonar, 2.203.713 krónur með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 12. maí s.á. og með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 15/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 27. nóvember sl., hefur Þorsteinn Már Aðalsteinsson, nnr. 9725-3412, Mímisvegi 17, Dalvík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 12. maí 1987, á hendur Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

1.0

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur aðallega til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 5.056.009,71, með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en vöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.745.008,50 ásamt sömu vöxtum og krafist er í aðalkröfu. Gerð er krafa um vaxtavexti, þ.e., að áfallnir vextir leggist við höfuðstól stefnukröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. maí 1987. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 6. nóvember sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 27. nóvember sl. Sáttaumleitarnir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að hann hafi rekið loðdýrabú að Böggvisstöðum á Dalvík frá árinu 1971, í fyrstu aðeins með mink, en hin síðari ár einnig með ref. Árið 1985, á gottíma, þ.e. frá síðari hluta aprilmánaðar til loka júnímánaðar, hafi orðið verulega mikill hvolpadauði á búi stefnanda. Hafi hvolpar drepist í óeðlilega miklum mæli allt til loka nóvembermánaðar. Í byrjun júní hafi farið að bera á hvítull á hvolpum, og einnig hafi þroski þeirra hvolpa, sem hafi lifað, engan veginn verið eðlilegur. Stefnandi hafi keypt allt fóður til búans frá Fóðurstöðinni SVF á Dalvík sem og aðrir loðdýrabændur við Eyjafjörð, en veruleg vanhöld hafi orðið á öllum loðdýrabúum við Eyjafjörð. Stefnanda hafi ekki verið ljóst, hvað olli þessum vanhöldum á búinu og hafi því sent nokkur dýr til rannsóknar í lok maí til Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði. Þá hafi stefnandi einnig kallað til dýralækni, og hafi blóðsýni verið tekin úr dýrunum til rannsóknar í byrjun júní.

Stefnandi segir, að hinn 10. júní 1985 hafi blóðaukandi efnum verið bætt í fóðrið, sem framleitt hafi verið hjá Fóðurstöðinni SVF á Dalvík. Blóði hafi verið bætt í fóðrið 11. júní, og 15. júní hafi lifur verið bætt í fóðrið

til þess að reyna að auka blóð í dýrunum. Þessi breyting á fôðrun dýranna hafi verulega bætt ástand þeirra hvolpa, sem þá hafi verið lifandi, en hafi þó ekki komið í veg fyrir, að hvolpar hafi haldið áfram að drepast.

Stefnandi segir, að það fóður, sem framleitt hafi verið hjá Fôðurstöðinni SVF á Dalvík, hafi verið framleitt samkvæmt fyrirmælum fôðurfræðings. Efnasamsetning fôðursins hafi verið rannsökuð reglulega á meðgöngu- og gottímanum, og hafi, að því er virðist, ekkert óeðlilegt komið fram, sem skýrt gæti óeðlilegan hvolpadauða á búi stefnanda. Þó virðist mega ráða af bréfi Jóns Árnasonar, fôðurfræðings Búnaðarfélags Íslands, dagsettu 26. ágúst 1985, að samsetning fôðursins hafi valdið blóðskorti í dýrunum, sem virðist hafa leitt til óeðlilegs hvolpadauða á búi hans. Eggert Gunnarsson, dýralæknir hjá Tilraunastöð háskólans í meinafræði, hafi í bréfi til stefnanda, dagsettu 5. september 1985, virst komast að þeirri niðurstöðu, að dýrin á búi stefnanda séu mjög blóðlaus og sennilegasta skýringin á því muni vera sú, að fôðrun hafi verið of einhliða með fiski og fiskúrgangi.

Af framansögðu virðist ljóst, að orsakir hvolpadauðans á búi stefnanda hafi eingöngu verið þær, að fóðrið, sem hann hafi keypt af Fôðurstöðinni SVF á Dalvík, hafi verið ranglega samsett. Stefnandi hafi misst vegna þess 1959 minkahvolpa og 1527 refahvolpa. Stefnandi hafi keypt tryggingu á loðdýrum sínum hjá Samvinnutryggingum g.t., en félagið hafi vísað bótakröfu hans á bug. Málsókn hafi því verið óhjákvæmileg til heimtu bóta vegna tjónsins.

3.0

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur hinu stefnda félagi einkum á 1. tölulið váttryggingarskilmála þeirra, sem hann segir, að hafi gilt um tryggingu þá, sem hann hafi keypt hjá stefnda á loðdýrum á búi sínu.

Málsástæður stefnanda eru m.a. þær, að í ljós hafi verið leitt, að röng efnasamsetning fôðurs frá Fôðurstöðinni SVF á Dalvík hafi valdið blóðleysi í dýrum á búi hans, sem hafi haft í för með sér mikinn hvolpadauða. Fôðurstöðin SVF á Dalvík sé eini söluaðili loðdýrafôðurs við Eyjafjörð. Stefnandi hafi keypt allt sitt fóður af Fôðurstöðinni SVF á Dalvík, og hafi hvorki hann né starfsmenn hans haft nokkur áhrif á það, hvernig fóðrið var blandað. Fóðrið hafi verið blandað samkvæmt leiðbeiningum sérfræðings í fôðrun loðdýra. Hafi stefnandi því mátt treysta því, að efnainnihald fôðurs væri rétt. Virðist því augljóst, að stefnda hafi borið að bæta stefnanda tjón hans í samræmi við váttryggingarskilmálana.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á lögum um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 og lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Stefnandi segir aðalkröfu sína á því byggða, að krafist sé bóta miðað

við meðalverð, sem hafi gilt á danska uppboðsmarkaðnum 1986, en á honum hafi íslenskir loðdýrabændur selt alla sína framleiðslu. Stefnandi segir, að meðalverð á danska uppboðsmarkaðnum á refaskinum hafi verið danskar krónur 416. Meðalverð á minkaskinum hafi verið danskar krónur 231 á högnaskinum og danskar krónur 190 á læðuskinum. Stefnandi segir kröfu sína á því byggða, að kynskipting þeirra minkahvolpa, sem hafi drepist, hafi verið jöfn og meðalverð hafi því verið danskar krónur 210,50. Stefnandi upplýsir, að miðað sé við sölugengi á danskri krónu 30. maí 1986, en þann dag hafi það verið kr. 4.874. Þessi gengisviðmiðun sé valin vegna þess, að stefnandi myndi þá undir eðlilegum kringumstæðum hafa fengið greitt fyrir verulegan hluta framleiðslu sinnar. Af sömu ástæðu sé gerð krafa um vexti frá þeim tíma.

Stefnandi segir varakröfu sína á því byggða, að til grundvallar sé lagt það meðalverð, sem stefnandi hafi fengið fyrir þau skinn, sem hann hafi selt á danska uppboðsmarkaðnum 1986. Að öðru leyti vísar stefnandi til þess, sem að framan er rakið varðandi aðalkröfu hans.

Stefnandi upplýsir, að samkvæmt 6. tölulíð váttryggingarskilmála eigi hann sjálfur að bera að hámarki kr. 50.000 í tjóni. Hafi verið tekið fullt tillit til þess ákvæðis við kröfugerð.

4.0

Stefndi telur málavexti vera þá, að með váttryggingarbeiðni 11. apríl 1983 hafi stefnandi falast eftir váttryggingu vegna loðdýra á loðdýrabúi sínu á Böggvisstöðum. Á grundvelli beiðninnar hafi verið gefið út váttryggingarskírteini nr. 39-00707. Váttryggingarupphæð samkvæmt skírteininu hafi verið kr. 3.600.000.

Umrædd váttrygging hafi tekið til tjóns af völdum eldsvoða, vatns og óveðurs svo og til tjóns, sem orsakast af sjúkdómum eða slysum. Váttryggingarsviðið og skilmála váttryggingarinnar sé að finna á sérstöku skjali, sem lagt hefur verið fram í málinu. Hinn 26. júní 1985 hafi stefnandi tilkynnt umboðsskrifstofu félagsins á Akureyri afföll á refa- og minkahvolpum á nýafstöðnu gottímabili. Í tilkynningunni segi um orsakir þessa: „Í ljós kom að orsökkin fyrir hvolpadauða var legbólga í refalæðum sem stafaði af rangri fóðursamsetningu. Vöntun á járn... Sama vandamál kom upp í mink.“

Þar sem tilkynning þessi hafi ekki borist félaginu fyrr en í lok gottímabilsins, hafi félagið ekki átt þess kost að láta málið til sín taka með hefðbundinni tjónsskoðun eða á annan hátt.

Með bréfi, dagsettu 23. október 1985, hafi stefnandi gert formlega fjárkröfu á hendur félaginu. Kröfunni hafi verið synjað með svarbréfi, dagsettu 20. nóvember s.á., og hafi verið skírskotað til váttryggingarskilmála.

Hinn 26. júní 1986 hafi stefnandi ráðgert að þingfesta dómssmál gegn félaginu hliðstætt því, sem nú hafi verið höfðað, en með mun hærri kröfu-fjárhæð. Það hafi hins vegar ekki orðið af því, að málið yrði þingfest.

5.0

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að orsakir að tjóni stefnanda hafi verið þess eðlis, að um bótaábyrgð félagsins sé ekki að ræða samkvæmt váttryggingarskilmálunum.

Stefndi segir, að orsakir tjónsins hafi afdráttarlaust komið fram í gögn-um málsins. Þær hafi verið tilgreindar í tjónstilkynningu stefnanda og í stefnu, en þar segi, að orsakir hvolpadauða á búi stefnanda hafi eingöngu verið þær, að fóður til eldis dýranna hafi verið ranglega samsett. Fóðrið virðist eingöngu hafa verið fiskúrgangur og því allt of einhæft, en af því hafi leitt blóðleysi og hættulegan skort á nauðsynlegum næringarefnum, svo sem járn.

Í bráðabirgðaálitsgerð um lága (sic) frjósemi blárefs í Eyjafirði frá Jóni Árnasyni, fóðurfræðingi Búnaðarfélags Íslands, dagsettri 26. ágúst 1985, segi, að þekkt sé, að járnskortur geti valdið minnkandi frjósemi, fósturláti og því, að hvolpar verði liflitlir. Í álitsgerð þessari sé vitnað til álits norsks sérfræðings, er gefið hafi til kynna, að líkleg orsök járnskorts í umræddu tilviki hafi verið, að þorskúrgangur, sem notaður hafi verið til fóðrunar, hafi hindrað „járnupptöku“. Hafi þessi sérfræðingur bent á, að minni hættu væri á slíku, ef sláturmatur væri notaður í fóðrið, svo að um munaði.

Í bréfi Eggerts Gunnarssonar, dýralæknis hjá Tilraunastöð háskólans í meinafræði, dagsettu 5. september 1985, sé greint frá því, að niðurstöður rannsóknar á hvolpum frá búi stefnanda, er fram fór í tilraunastöðinni í júní 1985, hafi bent til blóðleysis. Athuganir á blóðsýnum hafi bent til þess, að um gæti verið að ræða almennt blóðleysi á búinu. Í niðurlagi bréfs þessa segi, að langsennilegasta skýringin á þessu blóðleysi hafi verið einhliða fóðrun með fiski og fiskúrgangi. Slík fóðrun hafi gert miklar kröfur til járnþætiefna í fóðrinu.

Stefndi telur, að það hljóti að vera grundvallaratriði, að samsetning fóðurs sé með þeim hætti á loðdýrabúi, að dýrin fái stöðugt fullnægjandi næringarefni úr fóðri, þannig að þau geti þrífist með eðlilegum hætti. Leitt sé í ljós, að mjög hafi brostið á, að svo hafi verið á búi stefnanda, raunar svo, að með ólíkindum sé. Þessi stórkostlegi misbrestur á fóðrun dýranna hafi að sjálfsögðu verið fallinn til að hafa slæm áhrif á heilbrigði þeirra og stuðla að afföllum og tjóni stefnanda samfara þeim.

Stefndi segir það vera alkunnu, að rekstur loðdýrabúa útheimti sérþekkingu, nákvæmni og natni, að því er varðar umönnun, fóðrun og eftirlit.

Minkar og refir séu viðkvæm dýr í ræktun, og megi lítið út af bera, eigi viðunandi árangur að fást. Rétt fóðrun og nákvæmni í því efni hljóti að vera grundvallaratriði til velfarnaðar í slíkum rekstri. Stefndi vísar til laga nr. 53/1981 um loðdýrarækt svo og reglugerðar nr. 444/1982, einkum 18. gr. hennar um skyldur eigenda og umsjónarmanna loðdýrabúa.

Hann segir það hljóta að vera nauðsynlegan þátt við eftirlit og umhirðu loðdýra, að tekin séu reglulega úr þeim blóðsýni til að kanna heilbrigði þeirra. Svo hafi virst sem það hafi ekki verið gert nema að mjög takmörkuðu leyti og ekki fyrr en í óefni hafi verið komið. Blóðleysi og hættulegur skortur næringarefna, sem hrjád hafi dýrin, myndi örugglega hafa greinst við venjulega blóðrannsókn. Því hefði stefnanda verið í lófa lagið með eðlilegri fyrirhyggju að koma í veg fyrir umrætt ástand á loðdýrabúi sínu. Blóðsýnataka úr loðdýrum muni vera bæði einföld og marktæk aðferð til að fylgjast með eldi loðdýra og heilbrigði. Jafnframt megi ætla, að hæfir loðdýrahirðar eigi að geta gert sér grein fyrir sjúklegu ástandi dýra, löngu áður en það sé komið á hættulegt stig.

Reglulegt eftirlit dýralæknis hljóti að vera einn af grundvallarþáttum í rekstri loðdýrabús. Slíkt eftirlit hljóti að vera mikið öryggi til tryggingar heilbrigði dýranna. Augljóst virðist, að þessa mikilsverða öryggisþáttar hafi lítt eða ekki verið gætt á búi stefnanda.

Samkvæmt því, sem að framan getur, telur stefndi einsætt, að alvarlegur misbrestur í rekstri loðdýrabús stefnanda hafi gagngert valdið því ástandi á búinu, sem lýst sé í sóknargögnum, og að afföll þau, sem á búinu hafi orðið, og tjónið, sem hann telji sig hafa orðið fyrir, séu eingöngu til þeirra orsaka að rekja og engra annarra.

Samkvæmt 2. tölulið í skilmálum váttryggingar þeirrar, sem hér reyni á, sé það tjón undanþegið bótaábyrgð, sem rekja megi til skorts á umhirðu og eldi hinna váttryggðu dýra. Samkvæmt 3. tölulið skilmálanna beri stefnanda að reka loðdýrabú sitt undir umsjón dýralæknis og var skylt að fara eftir öllum fyrirmælum hans um meðferð dýranna svo og öðrum reglum, sem gilda um rekstur loðdýrabúa. Þegar borið sé saman það, sem aflaga fór um rekstur loðdýrabús stefnanda samkvæmt framansögðu, og tilvitnuð ákvæði váttryggingarskilmálanna, telur stefndi einsætt, að tjón stefnanda, sem mál þetta snýst um, sé algerlega utan bótaábyrgðar stefnda og honum allsendis óviðkomandi.

Þá mótmælir stefndi bótakröfu sem allt of hári og órökstuddri og tjóni stefnanda sem ósönnuðu. Stefnandi verði eins og aðrir tjónþolar, sem ætli að gera aðra ábyrga fyrir tjóni sínu, að sanna, að tjón hafi orðið, og umfang tjónsins. Þessari brýnu skyldu hafi stefnandi ekki sinnt. Ekkert liggir fyrir í málinu um tjón stefnanda utan kröfugerð. Það sé því allt ósannað í þessu efni nema það eitt, að stefnandi hafi orðið fyrir einhverju tjóni.

Stefnandi hafi heldur ekki hirt um að láta stefnda vita, þegar ljóst hafi verið, að í óefni hafi stefnt á búi hans. Það hafi ekki verið fyrr en undir lok júní 1985, þegar gottími hafi verið á enda, að stefnandi hafi látið frá sér heyra. Hafi stefnda því ekki gefist kostur þess að fylgjast með málinu og láta það til sín taka fyrr en um seinan, og af hefðbundinni tjónsskoðun hafi því ekki getað orðið.

Það sé athyglisvert, að í öll þrjú skiptin, sem stefnandi hafi komið kröfum á framfæri við stefnda, gæti verulegs ósamræmis í kröfugerðinni. Á það bæði við um fjárhæðir og forsendur fyrir útreikningi tjónsins. Fjöldi refa og minka, sem krafist sé bóta fyrir, hafi verið á reiki. Slíkt ósamræmi, sem verið hafi með ólíkindum, geri eitt út af fyrir sig kröfugerð stefnanda næsta tortryggilega.

Í kröfugerð stefnanda í þessu máli sé ekki tekið tillit til ýmissa frádráttarliða, svo sem fódursparnaðar, skinnaverkunar og vinnusparnaðar, sem skipta verulegum fjárhæðum, þótt hann hafi gert það í fyrri kröfugerð. Kröfugerð stefnanda sé því allt í senn, órökstudd, óljós og tortryggileg og því vart dómtæk.

Stefndi vekur athygli á ákvæðum 4. og 5. töluliðar vátryggingarskilmálanna og krefst þess, að fyllsta tillit sé tekið til ákvæða þeirra, ef á reyni bótaábyrgð í málinu.

Stefndi mótmælir kröfu um vaxtavexti:

6.0

Eins og áður segir, hefur verið lagt fram í máli þessu sérstakt skjal, sem hefur að geyma vátryggingarsviðið og skilmála vátryggingarinnar. Nauðsynlegt er að rekja efni þessa skjals, en í skjali þessu segir svo orðrétt:

„Trygging þessi tekur til tjóns af völdum eldsvoða, vatns og óveðurs samkvæmt almennum skilmálum Samvinnutrygginga, sem fylgja viðfestir.

Fyrir tryggingu þessa gildir einnig eftirfarandi skildagi:

1. Greiddar eru bætur fyrir dýr, sem sýkjast eða slasast svo alvarlega, að leiði til dauða þeirra eða að aflífa verði þau að fyrirmælum dýralæknis. Skal vottorð dýralæknis um dánarorsök fylgja tjónkröfu.

2. Ekki er bætt tjón, sem rekja má til skorts á umhirðu eða eldi hinna tryggðu dýra, hvort heldur orsök tjónsins má rekja til starfa eiganda eða starfsmanns við búið.

3. Sérhvert loðdýrabú skal rekið undir umsjón dýralæknis, og er eiganda skylt að fara eftir öllum fyrirmælum hans um meðferð dýranna svo og öðrum reglum, sem í gildi eru hverju sinni varðandi rekstur loðdýrabúa.

4. Bætur úr tryggingu þessari skulu aldrei vera hærri en svarar raunverulegu tjóni eigandans miðað við verð afurða og markaðsverð lifdýra. Til

frádráttar bótagreiðslum skal reikna það verð, sem kann að fást fyrir nýtanlegar afurðir.

5. Tryggingin greiðir ekki bætur fyrir óbeint tjón, t.d. minnkun á afurðaverði dýra af völdum sjúkdóma, eldsvoða eða slysa né ófrjósemi stofndýra. Þá er undanskilið tjón vegna hvolpaláts af hvers konar orsökum, og undanskilið er tjón af völdum stöðvunar á rekstri búsins.

6. Af hverju tjóni ber váttryggni eigin áhættu 10%, þó eigi lægri upphæð en kr. 10.000, en hámark kr. 50.000. Ekki er eigin áhætta á brunatjóni og vatnstjóni.

7. Að öðru leyti vísast til skilmála Samvinnutrygginga fyrir brunatryggingar, eftir því sem við á.“

Eftirgreindir komu fyrir dóm og gáfu skýrslu: Þorsteinn Már Aðalsteinson, nnr. 9725-3412, framkvæmdastjóri, Mímisvegi 17, Dalvík, Ottó Gunnarsson, nnr. 6959-0365, bústjóri, Svarfaðarbraut 12, Dalvík, Jón Árnason, nnr. 5106-7606, gæðastjóri, Hrafnagilsstræti 27, Akureyri, og Magnús Steinarsson, nnr. 6784-7891, útibússtjóri Samvinnutrygginga g.t. í Hafnarfirði, Háabarði 12, Hafnarfirði.

7.0 Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt gögnum málsins benda allar líkur til, að hinn óeðlilegi hvolpadauði á þú stefnanda hafi stafað af rangri samsetningu fóðurs, sem virðist hafa reynst of einhæft, þannig að af því leiddi blóðleysi dýranna og hættulegan skort á nauðsynlegum næringarefnum. Orsaka óeðlilega mikils hvolpadauða, bæði hjá mink og ref á búinu, sé að leita í fóðrinu. Telja verður því, að fóðri því, sem dýrin fengu, hafi verið ábótavant.

Samkvæmt 1. tölulið áðurgreindra váttryggingarskilmála eru greiddar bætur fyrir dýr, sem sýkjast eða slasast svo alvarlega, að leiði til dauða þeirra eða aflifa verði þau að fyrirmælum dýralæknis. Telja verður, að hörgulsjúkdómur sá, er dýrin voru haldin, falli undir skilgreiningu þessa töluliðar.

Samkvæmt 2. tölulið váttryggingarskilmálanna er ekki bætt tjón, sem rekja má til skorts á umhirðu eða eldi hinna tryggðu dýra, hvort heldur orsök tjónsins má rekja til starfa eiganda eða starfsmanns við búíð.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að blóðsýni hafi ekki verið tekið reglulega úr dýrunum, fyrr en eftir að í óefni var komið, en talið sé, að blóðleysi og hættulegur skortur næringarefna greinist við venjulega blóðrannsókn. Slík fyrirbyggja hefði getað komið í veg fyrir tjón.

Það er mat dómsins, að erfitt geti verið fyrir starfsmenn loðdýrabúa að gera sér grein fyrir dulnum blóðskorti hjá fullorðnum dýrum, þegar fóðurlisti virðist fullgildur og yfirbragð dýranna eðlilegt. Hér á landi tíðkaðist

það ekki almennt á þessum tíma að kanna blóðmynd fullorðinna dýra til að fyrirbyggja blóðskort fyrir got.

Þá er því einnig haldið fram, að eftirliti dýralæknis hafi verið ábótavant á búi stefnanda. Í 3. tölulið váttryggingarskilmálanna bar stefnanda að reka loðdýrabú sitt undir umsjón dýralæknis og var skylt að fara eftir öllum fyrirmælum hans um meðferð dýranna svo og öðrum reglum, sem í gildi eru hverju sinni varðandi rekstur loðdýrabúa.

Í bréfi héraðsdýralæknis, dagsettu 4. nóvember 1987, kemur fram, að hann hafi fylgst með ástandi loðdýrabúsins með ýmsum hætti, og telur hann, að um gott eftirlit af sinni hálfu hafi verið að ræða. Hann tekur fram, að hinar reglulegu blóðsýnatökur á minkabúum vegna könnunar á plasmacytosis í mink segi ekkert til um blóðmagn dýranna. Það hafi fyrst verið á árinu 1986, sem hann hafi hafið reglulegar mælingar á blóðstöðu dýranna í samráði við loðdýrabændur, m.a. vegna þess áfalls, sem um er deilt í máli þessu.

Allt bendir því til, að til að koma í veg fyrir t.d. blóð- eða efnaskort, sem rekja má til hráfnisins, hafi orðið að gera sérstakar athuganir á sjálfu hráefninu hverju sinni til að koma í veg fyrir áföll. Ekki er vist, að jafnvel slík athugun hefði dugað til. Dómurinn álitur, að til of mikils sé ætlast, að stefnandi á þessum tíma framkvæmdi slíkar aðgerðir, og hafi hann í þessu efni eftir atvikum gert það, sem eðlilegt mátti teljast og búast mátti við af honum.

Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi hafa átt aðild að Fóðurstöðinni SVF, sem er samvinnufélag, og setið í stjórn hennar. Þrátt fyrir það verður ekki talið, að samband loðdýrabúsins og fóðurframleiðanda hafi verið slíkt, að fóðurframleiðandinn verði talinn bera sjálfstæða ábyrgð á fóðurframleiðslunni. Ákvæði 2. töluliðar váttryggingarskilmálanna verður ekki skýrt rúmri lögskýringu.

Ekki verður því talið, að ákvæði 2. eða 3. töluliðar váttryggingarskilmálanna skerði bótarétt stefnanda. Þegar framangreint er virt og eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að fallast á það með stefnanda, að stefnda beri að bæta umrætt tjón.

Málatilbúnaði stefnanda, að því er tekur til rökstuðnings kröfufjárhæðar, er ábótavant, þó ekki svo, að efni þyki til að vísa málinu frá dómi án kröfu. Dóminum virðist svo sem hvorugur málsaðila hafi gætt hagsmuna sinna sem skyldi, og hafa dómendur eftir föngum reynt að meta tjónið eftir tiltækum gögnum. Hafa þeir áætlað fjölda dýra og tekið með í reikninginn eðlileg afföll minka og refa á búinu. Þá hafa þeir lagt til grundvallar skinnaverð, er stefnandi fékk á dönskum markaði. Þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarliða vegna fóðursparnaðar, skinnaverkunar og annars vinnu- og kostnaðarsparnaðar, telur dómurinn, að bætur fyrir það tjón,

sem stefnandi hefur orðið fyrir, séu hæfilega metnar á kr. 400.000, og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð.

Þá ber að dæma vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Jón L. Arnalds borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Bragi Líndal Ólafsson fóðurfræðingur og Brynjólfur Sandholt héraðsdýralæknir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Þorsteini Má Aðalsteinssyni, kr. 400.000 með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 12. maí 1987 og með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25 27. mars 1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Áfallnir vextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, þegar vanskil hafa staðið lengur en 12 mánuði, í fyrsta sinn 30. maí 1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.